

Miðvikudaginn 15. janúar 1969.

Nr. 202/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Þorsteini Þorsteinssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Undandráttur innlends tollvörugjalds.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir áfrýjun málsins hafa komið fyrir dóm Magnús Kristjánsson bakarameistari og Þórir Finnur Helgason húsa-smiður. Skýrði Magnús frá því, að hann hefði rekið Lakkrísgerðina Kólus á árunum 1946—1962, og kvað hann reynslu sína þá, „að úr einu kg. af hráefni hafi fengizt um það bil 1 kg. af fullunninni vöru“. Þórir Finnur bar, að hann hefði keypt af ákærða, meðan hann rak lakkrísgerð við Fífuhvammsveg, hveiti og strásykur til heimilis síns gegn staðgreiðslu og á heildsöluverði. Gizkar hann á, að kaup þessi hafi numið sex sekkjum af hveiti og allt að átta sekkjum af sykri. Vann vitnið eið að vætti sínu.

Sakaratriðum er lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til rétttra refsíakvæða.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða ber að staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þegar virtir eru allir málavextir, þar á meðal óvissa um hlutfall milli magns hráefnis og framleiddrar vöru, rýrnun hráefnis og fullunninnar vöru og svo sala ákærða á hráefni, þykir hæfilegt, að ákærði greiði samkvæmt 7. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 60/1939 gjald í rikissjóð, kr. 12.677.226.40, og gjald samkvæmt 1. gr. laga nr. 25/1962 í Styrktarsjóð fatlaðra, kr. 237.636.00.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað verða staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, kr. 60.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði kr. 20.000.00 sekt í rikissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði í rikissjóð kr. 12.677.226.40 og í Styrktarsjóð fatlaðra kr. 237.636.00.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað eru staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 60.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. október 1968.

Ár 1968, föstudaginn 11. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 502/1968: Ákærvaldið gegn Þorsteini Þorsteinssyni, en málið var tekið til dóms 20. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. apríl 1967, höfðað á hendur Þorsteini Þorsteinssyni sælgætisgerðarmanni, Nönnugötu 8, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1905 á Seyðisfirði, fyrir brot gegn lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, lögum nr. 25/1962 um aðstoð til fatlaðra og reglugerð nr. 9/1935 um innlenda tollvörugerð, í sambandi við rekstur Lakkrísgerðarinnar Póló að Fifuhvammsvegi í Kópavogi, með því að hafa:

I. Á árunum 1961, 1962, 1963 og 1964 sagt rangt til um lakkrísgerð sína og sölu með því að telja fram í því sambandi aðeins 18.900 kg., en miðað við magn keyptra hráefna og sölu af hans hálfu hefði framleiðslan átt að nema allt að 188.282 kg., þannig að samkvæmt þessu nam óframtalið og undandregið framleiðslumagn af hans hálfu á nefndu tímabili allt að 169.382 kg., er hann greiddi ekkert gjald af samkvæmt lögum nr. 60/1939, né heldur greiddi hann gjald samkvæmt lögum nr. 25/1962 af 132.020 kg. af lakkrísframleiðslu sinni árin 1962, 1963 og 1964. Telst þetta varða við 2. gr., 7. tölulið, 1. kafla, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947, og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. enn fremur 1. og 2. gr. laga nr. 25/1962.

II. Á árunum 1961 til 1964 eigi fært né haldið lögskipað bókhald um rekstur lakkrísgerðar sinnar í samræmi við 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. gr. og 5. tölulið 2. gr. bókhaldslaga nr. 62/1938 né heldur fært dagbók um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935. Varðar þetta refsingu samkvæmt 19. gr. bókhaldslaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939. Enn fremur teljast bókhaldsbrot þessi varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafizt er:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum refsíákvæðum.
2. Að ákærði verði dæmdur til að greiða ríkissjóði hið undandregna tollvörugjald, allt að kr. 21.128.710.68, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 60/1939.
3. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu undandregins gjalds samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 25/1962 frá árunum 1962—1964 að upphæð kr. 396.060.00 til Styrktarsjóðs fatlaðra.
4. Að ákærði verði sviptur leyfisbréfum til iðju og tollvörugerðar samkvæmt 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. 19. gr. bókhaldslaganna.
5. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt ákæru né refsingu, sem áhrif gætu haft á refsimat í máli þessu.

Málsatvik eru svofelld:

## I.

Snemma á árinu 1965 hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á viðskiptum nokkurra verzlana við Sælgætisgerðina Póló í Kópavogi. Við rannsóknina kom í ljós, að fyrirtækið virtist lítið bókhald hafa fært, og einnig taldi rannsóknardeild, að það hefði ekki staðið réttilega skil á opinberum gjöldum, einkum gjaldi af innlendum tollvörutegundum. Í bréfi, sem ákærði ritaði rannsóknardeild ríkisskattstjóra til skýringar hinn 26. febrúar 1965 og hann síðar staðfesti í dómi, segir meðal annars svo: „... Lakkrisgerð mín, þ. e. Sælgætisgerðin Póló, framleiðir eingöngu LAKKRÍS. — Jeg hefi ekki haldið bókhald yfir kúnnana, þar sem mjer ber ekki að greiða söluskatt. — Jeg hefi ekki ráð á að hafa skrifstofu fyrir þennan lítilfjörlega iðnað minn, enda bæri hann ekki skrifstofumann, gæti þá eins lokað og hætt starfsemi minni, en hæpið, að jeg gæti útvegað mjer og fólki mínu aðra atvinnu. — Vegna þessarar atvinnu hefi jeg greitt tolla og skatta, sem gengið hafa svo nærri mjer, að tvísýnt hefir horft til mannsæmandi lífsafkomu ...“. Rannsóknardeild ríkisskattstjóra aflaði nokkurra gagna um hráefna kaup Sælgætisgerðarinnar Póló á árunum 1961—1964, og kom þá í ljós, að ákærði hafði í rekstrarreikningum sínum mjög vantalið þessi hráefna kaup. Var málið síðan sent sakadómi Reykjavíkur til meðferðar vegna gruns um, að ákærði hefði eigi greitt til ríkissjóðs lögskipað gjald af framleiðsluvöru sinni samkvæmt lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, en í 8. gr. laganna segir, að mál vegna þeirra skuli rekin sem almenn lögreglumál.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var hinn 14. maí 1965, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði stofnað fyrirtækið Póló árið 1951 og frá þeim tíma verið einkaeigandi þess. Kvaðst ákærði hafa fengið leyfi rétttra yfirvalda til sælgætisgerðar, skrásett fyrirtækið á sínum tíma í Reykjavík, en flutt reksturinn í Kópavogskaupstað fyrir um 6 árum. Við fyrirtækið hefði hann sjálfur starfað, kona hans og einn fastur starfsmaður auk lausráðins starfsfólks, eftir því sem þörf var hverju sinni. Ákærði kvað framleiðslu fyrirtækisins á árunum 1961—1964 eingöngu hafa verið fólgná í lakkrisgerð, lakkrisinn verið unninn í vélum og mótaður í 8 eða 9 mismunandi form, en sjálft efnið í honum ætíð verið hið sama og í sömu blöndu, en ekki vildi ákærði skýra frá, hvernig samsetning hennar væri.

Ákærða voru kynnt gögn þau, sem rannsóknardeild ríkisskatt-

stjóra hafði aflað um hráefnakaup árána 1961—1964 frá fyrirtækjunum H. Ólafsson & Bernhöft og Sig. Þ. Skjaldberg h/f, og vildi hann ekki rengja réttmæti þeirra, enda hefði hann eða starfsfólkið kvittað fyrir móttöku varanna. Ekki sagðist ákærði hafa keypt hráefni frá öðrum aðiljum nema eitthvað af „essensum“ frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Ákærði kvað hér einasta um að ræða hráefnakaup til lakkrísgerðarinnar, en tók þó fram, að hann hefði selt nokkurt magn af sykri og hveiti til kunningja sinna. Gengið var á ákærða um að skýra frá, hverjir þessir kunningjar hans væru, en hann neitaði að gefa upp nöfn þeirra. Ekki kvaðst hann ítrekað aðspurður geta sagt, hversu mikið magn hefði verið um að ræða, og vildi ekki gizka á neinar tölur í því sambandi. Ákærði kvað þessa kunningja sína hafa komið í lakkrísgerðina og náð þar í vöruna, en söluskatt hefði hann engan greitt vegna þessara viðskipta.

Ákærði sagði, að í sjálfri framleiðslunni hefði ekki verið um að ræða rýrnun eða eyðileggingu á efni. Hann kvaðst ætíð hafa reiknað með að fá sama magn af fullunnum lakkrís úr sama magni af hráefnum.

Um sölu fyrirtækisins sagði ákærði, að um helmingur hennar hefði farið fram gegn staðgreiðslu, en hitt verið lánsviðskipti. Þá er um staðgreiðslu var að ræða, ritaði ákærði staðgreiðslunótu í einriti, sem hann lét kaupanda fá. Þegar lánsviðskipti áttu sér stað, skrifaði ákærði reikning á kaupanda, sem kvittaði á hann fyrir móttöku vörunnar, og fékk ákærði svo reikninginn greiddan síðar. Ákærði kvaðst hafa þurft að taka aftur allmikið af lakkrís, sem harnað hefði hjá kaupendum. Taldi hann, að magn þetta hefði getað farið upp í allt að 25% af heildarframleiðslu, en í slíkum tilvikum hefðu kaupendur fengið sama magn af nýjum lakkrís í stað þess gamla. Komið hefði fyrir, að gamli lakkrísinn væri bræddur upp, en slíkt ekki ætíð verið unnt, svo sem ef mygla hefði verið komin í hann.

Ákærði sagði, að verðlagsákvæði hefðu verið á lakkrísvörum þar til fyrir um 2 árum, að því er hann minnti, og hugði ákærði, að heildsöluverð hefði þá verið um kr. 60.00 kg., en eftir að verðlagsákvæðin voru niður felld, kvaðst ákærði hafa selt lakkrískílóid á kr. 130.00.

Ákærði játaði, að bókhald hans væri ekki í lögskipuðu formi. Hann kvaðst einasta hafa fært bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til og samkvæmt þeim sjálfur samið mán-

aðarskýrslur til rétttra yfirvalda vegna gjalds af innlendum toll-vörutegundum. Ákærði var að því spurður, hvort hann hefði ekki undir höndum nefndar framleiðslubækur, en hann svaraði því svo til, að eitthvað lítið mundi vera til af þeim.

Dómara þótti nauðsyn til bera að kanna bókhaldsgögn þau, sem ákærði kynni að hafa undir höndum. Ákærði vildi ekki fallast á, að húsleit færi fram, og var því samstundis kveðinn upp úrskurður á dómþinginu um leit á heimili ákærða og í húsa-kynnum fyrirtækisins. Húsleitir samkvæmt úrskurðinum fóru þegar fram, og önnuðust þær rannsóknarlögreglumennirnir Magnús Eggertsson aðalvarðstjóri, Jón Halldórsson varðstjóri og Vernharður Kristjánsson, en einnig voru þeir ákærði og Einar Hjaltason frá rannsóknardeild ríkisskattstjóra viðstaddir leitirnar. Í húsakynnum fyrirtækisins fannst ekkert, sem að gagni mætti koma við rannsókn máls þessa, en á heimili ákærða fannst allmikið af bókhaldsgögnum, sem tekin voru í vörzlur dómsins.

Ákærði kom aftur fyrir dóm og var inntur nánar eftir framleiðslubókum þeim, sem hann sagðist hafa fært, en engar slíkar bækur höfðu fundizt. Ákærði kvaðst ekki geta bent á frekari gögn, þar sem dómurinn hefði nú fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna.

Ákærði játaði, að rétt mundi vera, að hráefnakaup lakkrisgerðarinnar Póló árin 1961—1964 hefðu verið of lágt tilfærð sem og framleiðsluvörur og framleiðslugjald, en ekki kvaðst hann geta sagt um, hversu munaði á þessu og á því, sem raunverulega hefði verið framleitt og selt hjá fyrirtækinu á nefndum árum.

Hinn 17. maí 1965 voru gögn þau, sem tekin höfðu verið úr vörzlum ákærða, send Ragnari Ólafssyni, hæstaréttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda, til frekari rannsóknar. Beindist rannsókn hans að því að finna grundvöll að álagningu tollvörugjalds á framleiðslu fyrirtækisins árin 1961—1964. Í ítarlegri álitsgerð, sem lögð var fram í dómi hinn 4. janúar 1966, segir Ragnar Ólafsson, að grundvöll þenna megi finna annars vegar með því að reikna út það framleiðslumagn, sem hefði átt að nást úr innkeyptum hráefnum, og hins vegar með því að reikna út framleiðslumagnið í hlutfalli við söluna.

Samkvæmt skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns reyndust hráefnakaup ákærða samkvæmt innkaupareikningum, sem fundust við húsrannsókn, og samkvæmt þeim gögnum, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafði áður aflað, þessi:

1961

## HRÁFNAINNKAUP

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur	Hveiti	Mjólkurs.	Ýmis	Magn	Upphæð
Sig. P. Skjaldberg	Stráskykur	155 sk.	kg.	kg.	kg.	efni kg.	alls kg.	kr.
do.	Hveiti	173 —	7.518	8.650			7.518	39.065.25
H. Ólafsson & Bernhöft	Glucose	6 tnr.				1.800	8.650	43.015.95
Edda h/f	Stráskykur	52 sk.	2.359				1.800?	23.661.70
do.	Flórsýkur	15 —	680				2.359	12.091.90
do.	Cubasykur	23	1.043				680	5.609.25
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid					100	1.043	5.074.95
do.	Acidum lacticum			50		100	100	2.295.20
do.	Axtr. Glycyrrh. crud.					1.356	50	4.570.00
Guðni Ólafsson	Mjólkursýra			30			1.356	65.223.60
Afgr. smjörlikigerðanna	Cocos	1 tn.				300	30	2.700.00
Áfengisverzlun ríkisins	Anisolía filtr.					10	300	5.834.24
do.	Acidum lacticum			10			10	4.665.00
do.	Brilliant Rose					3.75	10	989.50
			11.600	8.650	90	3.569.75	3.75	3.75
								1.121.25
								215.917.79

1962

Sig. P. Skjaldberg	Hveiti	200 sk.		9.945			9.945	55.455.00
do.	Stráskykur	270 —	13.291				13.291	62.626.75
do.	Flórsýkur	25 —	1.134				1.134	9.275.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice					998	998	60.006.00
do.	Cocosmjöl	16 ks.				406	406	16.894.40
do.	Food Colour					25	25	7.117.00
do.	Glucose	4 tnr.				1.100	1.100	16.526.00

do.	Liquorice paste			4	808.45
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid		200	200	4.950.00
do.	Acid. lacticum	10		10	1.050.00
Edda h/f	Stráskykur	15 sk.	750	750	3.600.00
Garðar Gíslason h/f	Flórskykur	15 —	750	750	4.830.00
Áfengisverzlun ríkisins	Anise Truetype		5	5	2.941.00
Afgr. smjörflkisingerðanna	Cocos	1 tn.	300	300?	4.453.65
		15.925 9.945	10	3.038 28.918	250.533.25

1 9 6 3

Sig. P. Skjaldberg	Hveiti	305 sk.	15.250	15.250	88.867.50
do.	Stráskykur	308 —	15.886	15.886	164.408.00
do.	Flórskykur	31 —	1.800	1.800	21.406.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	40 ks.		978	48.556.80
do.	Lakkrísblokkir	20 —		489	23.522.40
do.	Cocosmjöl	20 —		508	20.434.00
do.	Food Colour			70	12.966.00
do.	Glucose	4 tnr.		1.200	1.200
Stefán Thorarensen h/f	Ammon. Chlorid			625	13.622.00
Áfengisverzlun ríkisins	Col. Powder			625	14.293.75
do.	Anise Truetype			10	3.000.00
H. Benediktsson & Co.	Hveiti	20 sk.	1.000	1.000	5.795.00
Holts Apótek	Lakkrís			30	1.620.00
Reykjavíkur Apótek	Lakkrís			43	1.806.00
Afgr. smjörflkisingerðanna	Cocos	1 tn.		250	4.377.60
3 M.R.-búðin	Flórskykur	1 sk.	50	50?	635.00
		17.736 16.250		4.213 38.199	431.190.05

1964

## H R Á E F N A I N N K A U P

Seljandi:	Vörutegund:	Stykkjafj.	Sykur	Hveiti	Mjólkurs.	Ýmis	Magn	Upphæð
Sig. P. Skjaldberg	Stráskykur	375 sk.	kg.	kg.	kg.	efni kg.	alls kg.	kr.
do.	Bl. ávextir	18.750				12.5	12.5	185.010.00
do.	Hveiti	340 —	17.000			17.000?		836.00
do.	Flórsykur	41 —	2.050			2.050		114.225.00
H. Ólafsson & Bernhöft	Liquorice Juice	80 ks.				1.960	1.960	28.345.00
do.	Glucose	2 tnr.				600	600	100.958.40
do.	Food Colour					25	25	7.482.00
do.	Caramel	6 —				1.800	1.800	4.712.50
Chemía h/f	Lakkrísblökkir					1.800	1.800	11.292.00
Garðar Gíslason h/f	Stráskykur	130 sk.	6.500			(Hluti af kaupv.)?		20.000.00
do.	Hveiti	60 —	3.000			6.500	6.500	58.580.00
Afgr. smjörlíkisgerðanna	Cocos	2 tnr.				3.000	3.000	19.060.00
Áfengisverzlun ríkisins	Acidum Lacticum			10		500	500?	9.919.50
do.	Ictoline Black					10	10	1.485.50
do.	Anise True type					1	1	213.50
do.	Brillante Red					13	13	4.875.00
do.	Aniseed Oil filtr.					2	2	813.20
Edda h/f	Stráskykur	28 sk.	1.400			12	12	6.852.00
Stefán Thorarensen h/f	Ammon Chlorid					1.400	1.400	13.196.00
			28.700	20.000	10	6.112.5	54.882.5	611.055.60

Um sölu fyrirtækisins segir í bókhaldsrannsókn Ragnars Ólafssonar m. a. svo: „Á fylgiskjölum 6—10 er sala Lakkrísgerðarinnar Póló árin 1961 til 1964 og janúar og febrúar 1965, að svo miklu leyti sem hægt er að rekja hana eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru. Gögnin, sem farið er eftir, eru „stílabækur“, sem meginhluti sölu, önnur en sala gegn staðgreiðslu, virðist hafa verið færð inn í daglega, svo og laus blöð, þar sem staðgreiðsla virðist hafa verið færð inn á daglega, einnig innkomnar greiðslur í peningum og víxlum fyrir aðra sölu. Mætti kalla þessi blöð innborgunarblöð. Sala til Mjólkursamsölnunnar og sala til Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð inn í „stílabækurnar“. En á innborgunarblöðunum eru greiðslur frá þessum fyrirtækjum, og hægt er að rekja, fyrir hvaða mánuði hver greiðsla er, sjá fskj. II. Á innborgunarblöðunum eru afslættir, sem gefnir hafa verið, færðir, og er það einnig talið upp. Þetta er fært eftir árum inn á fskj. 6—10.

Af fylgiskjölunum sést, að öll sala Lakkrísgerðarinnar Póló nefnt tímabil er ekki fyrir hendi. T. d. vantar sölu gegn staðgreiðslu mánuðina janúar—febrúar 1961, og sala fáeina mánuði til Mjólkursamsölnunnar og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis er ekki færð, sjá fskj. 11. Það getur stafað af því, að týnzt hafi innborgunarblaðið fyrir þann dag, sem innborgun frá þessum fyrirtækjum vegna viðkomandi mánaðarúttekta átti sér stað.

Innfærslurnar í „stílabækurnar“ eru heillegar. Innborgunarblöðin eru nokkuð heilleg, en þó kann að vera, að eitthvað af þeim hafi glatazt, og er þá sala gegn staðgreiðslu þá daga ekki talin.

Í skjölunum, sem tekin voru við húsrannsókn, var stílakompa með skrá yfir víxla, sem Lakkrísgerðin Póló virðist hafa eignazt. Meðal þessara víxla eru allmargir samþykktir af Ásbirni Ólafssyni, sjá fskj. 12. Af öðrum gögnum sést ekki, að viðskipti hafi átt sér stað við Ásbjörn Ólafsson, og sala til hans er ekki innifalin á fskj. nr. 6—10.

Upplýsingar um, hvaða söluverð hafi verið á hverju framleiddu kíló af lakkrís á hverjum tíma, liggja ekki fyrir annar en framburður kærða, og Kristjáns Sigtryggssonar, í sakadómi 14. maí s.l. En mér virðist þeir ekki nógu nákvæmir, til að unnt sé að reikna út framleiðslumagn í hlutfalli við sölu samkvæmt þeim upplýsingum“.

Samkvæmt rannsókninni reyndust sala og kostnaður árin 1961

—1964 eftirfarandi, en yfirlitin eru mjög saman dregin frá því, sem er í skýrslu Ragnars Ólafssonar:

	1961:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“ . . . . .	1.135.817.00		
Sala gegn staðgreiðslu, skortir gögn fyrir fyrstu 4 mánuði ársins . . .	171.085.00		
Sala til KRON, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins . . . . .	16.210.00		
Sala til Samsölnnar, skortir gögn fyrir 7 mánuði ársins . . . . .	85.357.50		1.395.843.50
Ýmis kostnaður . . . . .		207.541.24	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali . . . .		177.879.24	
Hráefni samkvæmt fyrirbyggjandi nótum . . . .	192.256.09		
Hráefni að auki samkv. uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft . . . . .	23.661.70	215.917.79	
		601.338.27	
Mismunur . . . . .		794.505.23	
		<u>Kr. 1.395.843.50</u>	1.395.843.50
	1962:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“ . . . . .	1.318.557.50		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum“ . .	407.194.00		
Afslættir . . . . .	36.329.50		
Sala til KRON . . . . .	72.351.00		
Sala til Samsölnnar, vantar í júnímánuð . .	173.712.25		1.935.485.25
Ýmis kostnaður . . . . .		304.680.96	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali . . . .		187.171.74	

		Gjöld:	Tekjur:
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum .. . . .	197.087.60		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg .. . . .	36.551.25		
Hráefni að auki samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft .. . .	16.894.40	250.533.25	
		<u>742.385.95</u>	
Mismunur .. . . .		1.193.099.30	
		<u>Kr. 1.935.485.25</u>	1.935.485.25

	1963:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stílabókum“ .. . . .	1.710.999.00		
Sala, staðgr. samkvæmt „dagbókarblöðum“ .. .	520.121.50		
Afslættir .. . . .	78.100.45		
Sala til KRON .. . . .	78.955.00		
Sala til Samsölnnar, vantar nóvember og desember .. . . .	207.881.75		2.439.856.80
Ýmis kostnaður .. . . .		350.063.05	
Framleiðslugjald samkvæmt framtali .. . .		213.716.52	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum .. . . .	392.368.65		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg .. . . .	15.300.00		
Hráefni að auki, samkvæmt uppgjöf H. Ólafsson & Bernhöft .. . .	23.522.40	431.191.05	
		<u>994.970.62</u>	
Mismunur .. . . .		1.444.886.18	
		<u>Kr. 2.439.856.80</u>	2.439.856.80

	1964:	Gjöld:	Tekjur:
Sala samkvæmt „stíla- bókum“ . . . . .	2.473.535.75		
Sala, staðgreitt sam- kvæmt „dagbókar- blöðum“ . . . . .	757.718.40		
Afslættir . . . . .	147.600.75		
Sala til KRON . . . . .	74.585.00		
Sala til Samsölnunnar, vantar júnímánuð . . .	328.443.50		3.486.681.90
Ymis kostnaður . . . . .		449.886.23	
Framleiðslugjald sam- kvæmt framtali . . . .		246.304.50	
Hráefni samkvæmt fylgiskjölum . . . . .	518.992.10		
Hráefni að auki sam- kvæmt uppgjöf Sig. Þ. Skjaldberg . . . . .	34.091.00		
Hráefni að auki sam- kvæmt uppgjöf H. Ól- afsson & Bernhöft . . .	57.972.00	611.055.10	
		1.307.245.83	
Mismunur . . . . .		2.179.436.07	
		<hr/>	
		Kr. 3.486.681.90	3.486.681.90

Samkvæmt uppgjöri frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f hefur ákærði á árunum 1961—1964 selt því fyrirtæki lakkrísvörur fyrir eftirtaldar fjárhæðir, en sala þessi kemur ekki fram í skýrslu Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns: árið 1961: kr. 123.690.00; árið 1962: kr. 111.710.00; árið 1963: kr. 175.240.00; og árið 1964: kr. 268.705.00.

Leitað var upplýsinga verðlagsstjóra um verð á lakkrísvörum árána 1961—1964. Í svarbréfi sínu, dags. 4. janúar 1966, segir Kristján Gíslason verðlagsstjóri m. a. svo: „... Um nokkur undanfarin ár, eftir að almennt var dregið úr opinberum afskiptum af verði vöru og þjónustu, hefur ekki verið fylgt með eða tak-

markað verð á lakkrísvörum fremur en ýmissi annarri smærri iðnaðarframleiðslu. Fyrir því hefur skrifstofan ekki undir höndum nein gögn um söluverð umrædds aðila á framleiðsluvörum hans á þeim tíma, sem um er að ræða . . .“.

Ákærði bar fyrir dómi hinn 14. maí 1965, að heildsöluverð á lakkrís hefði verið um 60 krónur þar til fyrir um tveim árum, enda lakkrísverð þá verið háð verðlagsákvæðum. Eftir það kvaðst hann hafa selt lakkrískílóði á 130 krónur. Þessi framburður ákærða er í algerri mótsögn við áður nefnt bréf verðlagsstjóra. Kristján Sigtryggsson, bókara ákærða, minnti, að verð á hverju lakkrískílógrammi hefði verið kr. 110.00—130.00 á árunum 1961—1964. Loks kemur fram í skilagrein frá Heildverzlun Ásbjarnar Ólafssonar h/f, að verðið hafi verið mismunandi pr. kíló, eftir því um hverja hinna 9 tegunda lakkrísvörunnar var að ræða. Engin bókhaldsgögn eru fyrir hendi um, hversu miklu vörusala ákærða nam árin 1961—1964 að magni til. Vörusala virt til fjárverðmætis nefndan tíma er og eigi viðhlítandi, og vitneskja fékkst ekki um ákveðið einingarverð framleiðslunnar á hverjum tíma. Ördugt virtist því að finna hæfan grundvöll að álagningu tollvörugjalds ákærða með því að byggja á þeim upplýsingum, sem fyrir hendi voru um sölu.

Á dómþingi hinn 4. janúar 1966 voru því dómkvaddir tveir sérfróðir menn, efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobsson, til þess að rannsaka eins ítarlega og auðið væri, hvert framleiðslumagn fullunninnar vöru lakkrísgerðarinnar árin 1961—1964 hefði átt að vera með hliðsjón af keyptum hráefnum fyrir tækisins á sama tíma.

Í álitsgerð sinni, sem dagsett er hinn 13. apríl 1966, segja efnaverkfræðingarnir m. a.: „Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður samsetning framleiðslunnar á einstökum árum, svo sem sýnt er á töflu hér á eftir. Aðalefni framleiðslunnar eru hveiti og sykurefni. Þessi efni eru nokkuð breytileg hvort um sig, en summa þeirra er hins vegar tiltölulega jöfn. Það má því gera ráð fyrir, að samsetning vörunnar hafi verið nokkuð breytileg að þessu leyti, án þess að það rýri gæði framleiðslunnar. Samkvæmt upplýsingum framleiðanda, dskj. 7, er samsetning sú sama fyrir framleiðsluna alla, þ. e. hvort sem um er að ræða rör, bita, rúllur, reimar, staura eða borða. Kremstangir munu þó hafa sérstöðu að þessu leyti.

Samsetning framleiðslu í % miðað við efniskaup einstakra ára:

Hráefni:	1961	1962	1963	1964
Hveiti . . . . .	36.17	34.39	42.54	36.22
Sykurefni <sup>1)</sup> . . . . .	56.04	58.86	49.57	56.32
Hrálakkrís . . . . .	5.67	3.46	4.03	4.25
Kokosmjöl . . . . .	1.25	1.40	1.32	0.91
Kokosfeiti . . . . .		1.03	0.65	
Amm.kloríð . . . . .	1.41	0.69	1.75	2.13
Mjólkursýra . . . . .	0.37	0.03		0.02
Anísolía . . . . .	0.04	0.02	0.03	0.05
Matarlitur . . . . .	0.02	0.09	0.20	0.05
Blandaðir ávextir . . . . .				0.02

Við athugun þessarar töflu og með hliðsjón af innkaupanótum er ljóst, að nokkur flutningur milli ára á sér stað á hinum smærri efnispáttum. Rétt þykir því að miða samsetningu við heildarmagn innkeypra efna á árunum 1961—1964.

Samkvæmt ofanskráðu er samsetning, reiknuð út frá heildarinnkaupum ('61—'64), þessi:

Hveiti . . . . .	37.50%	} Sykur . . . . . 50.57%	
Sykurefni . . . . .	55.02%		Glukos . . . . . 3.21%
			Karamel . . . . . 1.23%
Hrálakkrís . . . . .	4.27%		
Önnur efni . . . . .	3.20%		

Samtals 99.99%

Sykurefni og hveiti samtals 92.52%.

Samkvæmt töflu um samsetningu framleiðslu einstakra ára, miðað við innkaup, eru sykurefni og hveiti samtals í % sem hér segir:

1961 . . . . .	92.21
1962 . . . . .	93.25
1963 . . . . .	92.11
1964 . . . . .	92.54

Um framleiðslu á lakkrís.

Lakkrísvörur eru að jafnaði gerðar úr hveiti, sykri og svo miklu af hrálakkrís, að bragðið sé greinilegt lakkrísbragð

1) Sykurefni innifela sykur, glukos, karamel.



Samkvæmt þessum mælingum er meðalraki framleiðslunnar 28.07%, hér reiknað með 28.00%, þ. e. þurrefni 72%.

Þessi þurrefnishlutföll, þ. e. 92.7 í hráefni og 72.0 í framleiddri vöru, má nú nota til að reikna þunga framleiddrar vöru pr. þungaeiningu hráefna þannig:

$$\begin{array}{l} \text{Hráefni} \quad 1 \text{ kg.} \\ \text{Framleiðsla} \quad \frac{1 \times 0.927}{0.72} = 1.2875 \end{array}$$

Framleiðsla	Hráefni, kg.	Unnin vara, kg.
1961	23.909	30.782
1962	28.918	37.231
1963	38.199	49.181
1964	55.214	71.088
		188.282

Sé reiknað með, að enginn tilflutningur á efni milli ára hafi átt sér stað, fæst samt sama heildartala, eða 188.28 tonn, en svo lítill munur verður á framleiðslunni einstök ár, hæst 1962 370 kg., eða sem hér segir:

1961 . . . . .	30.688 kg.
1962 . . . . .	37.601 —
1963 . . . . .	49.030 —
1964 . . . . .	70.958 —

Í öllum ofanskráðum framleiðslutölum er ekki tekið tillit til rýrnunar á hráefnum. Einhver rýrnun er þó óhjákvæmileg. Hana verður að áætla við endanleg uppgjör málsins“.

Samkvæmt lögum nr. 60/1939, sbr. lög nr. 26/1947, 4/1960, 79/1960, 104/1961, 90/1962 og 73/1963 bar ákærða að greiða vörumagnsgjald kr. 41.58 af hverju lakkrískílógrammi, „áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu“. Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, hefur með bréfi, dagsettu 8. desember 1966, látið dóminum í té skýrslu um gjöld þau, sem Lakkrísgerðin Póló hefur greitt af innlendum tollvörum fyrir tímabilið 1961—1964, og eru gjöldin byggð á eigin framtali ákærða sjálfs:

## 1961:

Fyrir janúar . . . . .	396 kg. á 41.58	16.465.68
— febrúar . . . . .	396 — - —	16.465.68
— marz . . . . .	378 — - —	15.717.24
— apríl . . . . .	378 — - —	15.717.24
— maí . . . . .	387 — - —	16.091.46
— júní . . . . .	386 — - —	16.049.88
— ágúst . . . . .	398 — - —	16.548.84
— september . . . . .	386 — - —	16.049.88
— október . . . . .	398 — - —	16.548.84
— nóvember . . . . .	386 — - —	16.049.88
— desember . . . . .	389 — - —	16.174.62
	<hr/>	
	4.278 kg.	177.879.24

## 1962:

Fyrir janúar . . . . .	386 kg. á 41.58	16.049.88
— febrúar . . . . .	389 — - —	16.174.62
— marz . . . . .	389 — - —	16.174.62
— apríl . . . . .	389 — - —	16.174.62
— maí . . . . .	398 — - —	16.548.84
— júní . . . . .	389 — - —	16.174.62
— ágúst . . . . .	389 — - —	16.174.62
— september . . . . .	389 — - —	16.174.62
— október . . . . .	389 — - —	16.174.62
— nóvember . . . . .	398 — - —	16.548.84
— desember . . . . .	398 — - —	16.548.84
	<hr/>	
	4.303 kg.	178.918.74

## 1963:

Fyrir janúar . . . . .	389 kg. á 41.58	16.174.62
— febrúar . . . . .	389 — - —	16.174.62
— marz . . . . .	389 — - —	16.174.62
— apríl . . . . .	398 — - —	16.548.84
— maí . . . . .	389 — - —	16.174.62
— júní . . . . .	398 — - —	16.174.62
— ágúst . . . . .	398 — - —	16.548.84
— september . . . . .	398 — - —	16.548.84
— október . . . . .	404 — - —	16.798.32
— nóv. og des. . . . .	1.251 — - —	52.016.58
	<hr/>	
	4.794 kg.	199.334.52

1964:

Fyrir janúar . . . . .	445 kg. á 41.58	18.503.10
— febrúar . . . . .	453 — - —	18.835.74
— marz . . . . .	458 — - —	19.043.64
— apríl . . . . .	460 — - —	19.126.80
— maí . . . . .	465 — - —	19.334.70
— júní . . . . .	480 — - —	19.958.40
— ágúst . . . . .	484 — - —	20.124.72
— september . . . . .	530 — - —	22.037.40
— október . . . . .	530 — - —	22.037.40
— nóvember . . . . .	560 — - —	23.284.80
— desember . . . . .	660 — - —	27.442.80
	<hr/>	
	5.525 kg.	229.729.50

Ákærði hefur samkvæmt þessari skrá bæjarfógeta á árunum 1961—1964 greitt tollvörugjald af samtals 18.900 kg., þ. e. kr. 785.862.00. Samkvæmt álitssgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði ákærði hins vegar átt að greiða af 188.282 kg., þ. e. kr. 7.828.785.56, og munar því greiðslu fyrir 169.382 kg., þ. e. kr. 7.042.903.56.

Efnaverkfræðingarnir Aðalsteinn Jónsson og Jóhann Jakobs-son voru dómkvaddir til að láta í té álit sitt um eðlilega rýrnun vegna framleiðslu ákærða. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er hinn 29. ágúst 1967, segir m. a. svo: „... Í fyrri matsgerð undirritaðra, dags. 13. apr. 1966, er vikið almennt að framleiðslu á lakkrís (bls. 2). Varan, fullunnin, byggist á blöndun allmargra efnis-þátta og síðan meðhöndlun blöndunnar, mótun og þurrkun. Slik meðhöndlun hlýtur ætíð að leiða til rýrnunar, reiknað á „basis“ þurrefni. Þætti rýrnunar má gróft tekið flokka í tvennt. Annars vegar rýrnun í framleiðslu, hér nefnd Rýrnun I, og hins vegar í rýrnun í dreifingu, hér nefnd Rýrnun II.

Rýrnun I felst í eftirtöldum þáttum:

1. Afgangur í umbúðum (sekkjum, kössum, dósnum, dunkum, flöskum) og vegna smærri tapa í meðhöndlun.
2. Töþ á blöndunni í meðhöndlun, viðloðun við vélar og tæki, sem blandan fer í gegnum.
3. Úrgangur vöru á lokastigi framleiðslu, endar og mismótuð stykki.

Við framleiðslu á sælgæti almennt, súkkulaði, brjóstsykri o. fl.,

taka tollyfirvöld þetta til greina, og samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa tollstjórans í Reykjavík, hr. Gunnari Eggertssyni, er miðað við, að rýrnunin geti numið 6—7% af hráefni.

Rýrnun II felst í eftirtöldum þáttum:

1. Langri geymslu á dreifingarstöðum (verzlunum) og innþornun vörunnar af þeim sökum (lakkrís er viðkvæmari að þessu leyti en t. d. súkkulaði eða brjóstsykur. Varan inniheldur tiltölulega mikið vatn og er ekki í sérstökum umbúðum stykki fyrir stykki, lakkrísborðar, stengur, bitar o. s. frv.).
2. Beinir skemmdir á vörunni (aðrar en innþornun) vegna slæmra geymsluskilyrða og/eða mjög langrar geymslu (hátt rakainnihald í lakkrísvörum gerir þær viðkvæmari fyrir myglu en margar aðrar sælgætisvörur).

Varðandi rýrnunarpætti I-3 og II-1, endar, mismótun og innþornun í geymslu, er bein rýrnun fyrirbyggð með endurvinnslu vörunnar. Í dskj. nr. 7, bls. 19, er vikið að þessu og staðfest af framleiðanda, enda hafi ekki verið um aðrar skemmdir að ræða. Við slíka endurvinnslu má gera ráð fyrir smávægilegri rýrnun vegna breytinga á eiginleikum. Endursoðin efni halda síður raka en ný framleiðsla. Hér getur þó aðeins verið um óverulegan þátt að ræða, sbr. rannsóknir á rakainnihaldi, dskj. nr. 30.

Sé um myglu að ræða, verður varan, m. a. af heilbrigðis- og hreinlætisástæðum, ekki endursoðin. Að jafnaði munu skemmdir af völdum myglu vera lítill hluti dreifingarskemmda. Miðað við hámark talið innþornað, dskj. nr. 7, bls. 19, þykir eðlilegt að meta myglað 20% af innþornuðu, þ. e. 5% af framleiðslu.

#### Niðurstöður:

Á grundvelli framangreindra þátta rýrnunar og með skýrskotun til ályktana um hugsanlega rýrnun telja undirritaðir rýrnun á framleiðslu sem hér segir:

Rýrnun I        7% af hráefni.

Rýrnun II       5% af framleiðslu.

Samkvæmt þessu sundurliðast heildarrýrnunin (I og II) á framleiðslu sem hér segir (sjá greinargerð, dags. 13. apr. 1966):

Hráefni, alls . . . . .	146.224 kg.
Rýrnun, 7% . . . . .	10.236 —

Hráefni . . . . .	135.988 kg.	
Framleiðsla (135.988 x 1.2875) ..	175.085 —	
Rýrnun v/hráefnistaps (I) . . . .	13.197 —	13.197 kg.
Rýrnun v/geymsluskemmda (II) .		8.754 —

---

Samtals 188.282 kg. 21.951 kg.

$$\text{Heildarrýrnun \%} = \frac{21.951 \times 100}{188.282} = 11.6\%.$$

Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu matsgerðir sínar. Þeir kváðust hafa farið í lakkrísgerðina, kynnt sér starfrækslu þar eftir föngum, en ekki talið sér heimilt að fá vitneskju um hana í einstökum atriðum, þar sem þeir töldu slíkt framleiðsluleyndarmál.

Í bréfi til dómsins, dagsettu 12. júlí 1967, nafngreindi skipaður verjandi ákærða allmarga aðilja, sem hann kvað ákærða hafa látið í té hráefni, sykur og hveiti, og óskaði verjandi frekari rannsóknar varðandi þetta atriði. Kom ákærði fyrir dóm dagana 4. og 5. október 1967 og var þá inntur nánar eftir afhendingum þessum.

Ákærði kvaðst hafa selt Friðþjófi Þorsteinssyni bæði sykur og hveiti á árunum 1961—1964, sem Friðþjófur hefði notað við framleiðslu í efnagerð sinni, Val. Ítrekað aðspurður sagðist ákærði ekki geta borið um, hversu mikið magn af hvorri vörutegund hefði verið að ræða, en Friðþjófur fengið afhenta nokkra 50—60 kg. poka, bæði af sykri og hveiti, öðru hverju allt nefnt tímabil. Gat ákærði ekki greint þetta nánar, en sagði, að afhendingar hefðu að jafnaði verið nokkrar á mánuði og farið þannig fram, að Friðþjófur hefði komið í sendiferðabifreið, sem hann ók, fengið vörurnar hjá ákærða persónulega, en síðan sjálfur borið varninginn út í bifreiðina. Ákærði kvað Friðþjóf ætíð hafa fengið vörurnar lánaðar í bili, en greitt þær í peningum, venjulega 1—2 mánuðum eftir móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð og söluskattur ekki af þeim greiddur. Ástæðuna til viðskiptanna kvað ákærði hafa átt rót sína að rekja til skorts á vörunni, og þó einkum sykri. Sagði ákærði, að iðulega hefði verið erfitt að fá sykur hjá heildsölum tíma og tíma, sem staðið hefði í sambandi við flutning vörunnar til landsins. Hins vegar taldi ákærði, að ekki hefði verið skortur á hveiti. Öðrum þræði kvaðst ákærði og hafa afhent Friðþjófi vörurnar í greiðaskyni við hann og til stuðnings honum fjárhagslega, enda fjárhagur Friðþjófs

verið bágborinn. Ákærði var að því spurður, hvers vegna hann hefði ekki fyrr við rannsókn málsins greint frá viðskiptum þeirra, og svaraði ákærði því á þann veg, að hann hefði hvorki viljað koma Friðþjófi né öðrum í nein vandræði, en Friðþjófur væri gamall starfsmaður sinn.

Vitnið Friðþjófur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Efnagerðarinnar Vals, Kársnesbraut 124, Kópavogi, kvaðst aldrei hafa fengið hveiti frá ákærða. Hins vegar sagðist vitnið hafa fengið sykur afhentan hjá ákærða af og til, en framburður vitnisins um viðskipti þeirra ákærða var mjög óljós. Þó hugði vitnið, að það hefði á árunum 1961—1964 einu sinni til tvisvar í mánuði fengið afhenta 4—5 sykursekki, en sekkurinn væri 50 kg. að þyngd. Vitnið kvaðst hafa pantað sendiferðabifreiðar og látið bifreiðarstjóra þeirra ná í sykurinn til ákærða, en fyrir hefði komið, að ákærði hefði sjálfur flutt sykurinn til vitnisins. Vitnið sagðist hafa fengið vöruna lánaða við afhendingu, en síðar greitt ákærða, sem væri gamall húsbóndi vitnisins, hana í reiðufé. Vitnið var beðið um að gera nánari grein fyrir lengd gjaldfrestsins. Svör vitnisins voru óljós, en það taldi þó, að liðið hefðu nokkrir mánuðir. Ekkert var um viðskiptin ritað, og kvaðst vitnið því engin gögn hafa í höndum varðandi þau. Verðið sagði vitnið, að hefði verið hið sama og hjá heildsölum, og um vexti var ekki að ræða. Ástæðurnar til viðskiptanna kvað vitnið að nokkru fjárhagsörðugleika þess, en að nokkru tímabundin ekla á sykri hjá heildsölum, en sykurskortur hefði verið oft á ári nefnt tímabil.

Ákærði kvaðst hafa selt Valgerði Magnúsdóttur sykur og hveiti á heildsöluverði allt það tímabil, sem um ræðir í málinu. Valgerður væri dóttir konu hans og fósturdóttir sín, gift kona, og ættu þau hjón 4 börn. Ekkert gat ákærði sagt til um magn, en eiginmaður Valgerðar hefði ætíð sótt vörurnar til ákærða, greiðsla ýmist farið fram við móttöku eða síðar og ekkert verið um viðskiptin skráð.

Vitnið Valgerður Magnúsdóttir húsfrú, Stigahlíð 28 hér í borg, kvaðst vera dóttir konu ákærða, en hefði ekki alizt upp hjá þeim og væri ekki fóstur- eða kjördóttir hans. Vitnið sagðist vera gift og hefðu verið 3 börn á heimilinu árin 1961—1964, en á því tímabili var keypt bæði sykur og hveiti af ákærða til heimilishaldsins. Ekki gat vitnið greint nákvæmlega frá magni, en gizkaði á, að um 2—3 poka hefði verið að ræða af hvorri tegund árlega. Maður vitnisins sótti vöruna til ákærða, og mundi hún hafa verið borgan eftir hendinni, en ekkert um viðskiptin bókað.

Vitnið Þorgeir Jóhannsson verzlunarmaður, Stigahlíð 28, Reykjavík, eiginmaður vitnisins Valgerðar Magnúsdóttur, kvað þau hjónin hafa fengið sykur og hveiti hjá ákærða árin 1961—1964. Ekki gat vitnið sagt til um magn, en gizkaði á 25 lbs. af hveiti á viku og annað eins eða meira af sykri. Náði vitnið í varninginn til ákærða, greiðsla fór ýmist fram við móttöku eða síðar, verðið var hið sama og hjá heildsölum, en ekkert var um viðskiptin skráð. Vitnið sagðist oft hafa hjálpað ákærða á kvöldin og minntist þess að hafa oftlega farið á þessum árum með sykur og hveiti, m. a. til systur ákærða og konu, sem bjó í sama húsi og hann, en ekki treystist vitnið til að bera um magn það, er hann afhenti.

Ákærði kvað Einar Magnússon hafa fengið hjá sér sykur og hveiti til heimilishalds á heildsöluverði á árunum 1961—1964, en þrennt var þar í heimili. Ákærði sagði, að þeir Einar væru kunningjar og hefðu búið í sama húsi um nokkurra ára skeið. Ekki gat ákærði borið um magn, en það hefði ekki verið mikið. Einar náði í vöruna til ákærða, greiddi að jafnaði við móttöku, en aldrei var um viðskiptin bókað.

Vitnið Einar Magnússon verzlunarmaður, Bergstaðastræti 48 hér í borg, sagði, að þeir ákærðu væru vinir og hefðu verið sambýlismenn um langt skeið. Vitnið kvaðst árin 1961—1964 hafa fengið hjá ákærða sykur og hveiti til heimilishaldsins, en þrennt verið þá á heimili vitnisins. Vitnið gat ekkert sagt til um magn, en vörunar sótti það til ákærða og fékk þær gegn staðgreiðslu á heildsöluverði.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Oddssyni, kunningja sínum, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en vissi ekki hversu mikið. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi hana við móttöku. Ekkert var um viðskiptin skráð, en verðið var hið sama og í heildsölu.

Vitnið Valdimar Magnús Oddsson bifreiðarstjóri, Kleppsvegi 6, Reykjavík, kvað þá ákærða vera kunningja. Á árunum 1961—1964 var þrennt í heimili vitnisins, en auk þess mikil gestakoma, m. a. dvalarfólk utan af landi. Ákærði seldi vitninu á þessum árum sykur og hveiti með heildsöluverði, sem það sótti til hans og greiddi að jafnaði við móttöku. Vitnið var spurt um magn. Það kvaðst alloft hafa fengið einn poka af hvorri vörutegund hjá ákærða, en treysti sér ekki til að svara nánar um þetta atriði.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum og sambýlismanni, Þorbergi Jóhannssyni, bæði hveiti og sykur á nefndum árum

gegn staðgreiðslu og á heilðsöluverði, en Þorbergur sótt vöruna til ákærða, og ekkert verið um viðskiptin ritað.

Sökum sjúkleika var ekki hægt að yfirheyra nefndan Þorberg Jóhannsson fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa selt Valdísi Tryggvadóttur, systur sinni, sykur og hveiti árin 1961—1964, og hugði hann, að 6 manns hefðu verið á heimili hennar þau árin. Ákærði gat ekki sagt um magn, en tengdasonur hans hefði að jafnaði flutt varninginn til Valdísar. Ekkert var um viðskiptin skráð, en venjulega var um staðgreiðslu að ræða.

Með vísan til 89. gr. laga nr. 82/1961 óskaði vitnið Valdís Tryggvadóttir húsmóðir, Skúlagötu 56 hér í borg, ekki eftir að bera vætti í málinu.

Ákærði kvaðst hafa selt kunningja sínum, Þórarni Jónssyni, sem ætti konu og 2—3 börn, sykur og hveiti á árunum 1961—1964, en ekki gat hann sagt til um magn. Sótti Þórarinn vöruna til ákærða, sem hann greiddi heilðsöluverði við móttöku, en ekkert var um viðskiptin ritað.

Vitnið Þórarinn Jónsson bifreiðarstjóri, Álfamýri 42 hér í borg, kvaðst vera kunningi ákærða. Á árunum 1961—1964, en þá voru 5—6 manns í heimili vitnisins, sagðist það hafa keypt hveiti og sykur af ákærða til heimilisnota. Fór vitnið til ákærða og náði í vörurnar, en þær fékk það á heilðsöluverði og greiddi við móttöku. Ítrekað aðspurt sagðist vitnið ekkert geta sagt til um magn það, sem keypt var.

Ákærði kvaðst hafa selt bræðrunum Böðvari, Eyvindi og Gunnari Árnasonum sykur og hveiti með heilðsöluverði og gegn staðgreiðslu og hefðu þeir sjálfir farið heim með varninginn, en þeir ráku á nefndu tímabili verksmiðju í sama húsi og ákærði rak sælgætisgerð sína. Ákærði sagði, að þeir bræður væru allir kvæntir, og taldi hann, að um 25 manns væru í heimilum þeirra. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ákærði gat ekkert um magn vörunnar borið.

Vitnið Böðvar Árnason iðnaðarmaður, Reynihvammi 38, Kópavogi, sagðist hafa unnið á sama stað og ákærði á tímabilinu 1961—1964 og nokkrum sinnum fengið hveiti og sykur hjá honum til heimilisnota, en 6 voru þá í heimili þess. Vitnið kvaðst hafa keypt einn 50 kg. sekk í senn, en gat ekki greint nánar til um magn, en minnti þó, að það hefði fegið minna af hveiti en sykri. Vitnið sótti vöruna til ákærða, greiddi stundum við móttöku, en stundum síðar.

Vitnið Eyvindur Árnason iðnaðarmaður, Löngubrekku 3, Kópavogi, starfaði og á sama stað og ákærði. Vitnið sagði, að í heimili þess hefðu verið 7 manns á árunum 1961—1964. Keypti vitnið þá sykur og hveiti af ákærða til heimilisþarfa öðru hverju, en gat ekki skýrt nánar frá magni. Vitnið fékk vöruna á heildsöluverði, greiddi við móttöku og sótti sjálft vöruna til ákærða. Nánar aðspurt kveðst vitnið einasta hafa fengið einn sekk í einu, gat ekki sagt, hversu oft þetta var, en taldi, að það hefði verið alloft.

Vitnið Gunnar Árnason verkamaður, Digranesvegi 101, Kópavogi, kvaðst á árunum 1961—1964 hafa unnið á sama stað og ákærði rak lakkrísgerð sína og á þeim tíma keypt af honum hveiti og sykur til heimilisnota eftir þörfum, en á heimili vitnisins voru þá 5 manns og stundum fleiri. Vitnið gat ekki sagt nánar um, hversu mikið magn var að ræða. Vitnið tók varninginn hjá ákærða og greiddi hann við móttöku eða stuttu síðar. Verðið var heildsöluverð, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Ákærði kvaðst hafa látið Ragnhildi Magnúsdóttur, fóstursystur konu sinnar, í té til heimilisþarfa bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði og gegn staðgreiðslu. Ákærði sagði, að fernt væri í heimili Ragnhildar, tengdasonur hans hefði flutt varninginn til hennar, en ekki vissi ákærði um, hversu mikið magn var að ræða, og ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Ragnhildur Magnúsdóttir, Njarðargötu 41 hér í borg, kvaðst vera fóstursystir konu ákærða. Vitnið fékk á árunum 1961—1964, en þá voru 4—5 í heimili þess, sykur og hveiti til heimilisnota hjá ákærða, og kom Þorgeir Jóhannsson með vörurnar. Vitnið gat ekki sagt nákvæmlega til um magn, gízkaði á 2—3 sekki af hvorri tegund árlega.

Ákærði kvað Þorbjörgu Sigurðardóttur, sem byggi í sama húsi og hann ásamt systur sinni, hafa fengið sykur og hveiti hjá sér, en þær systur fengust við heimabakstur, þótt sá rekstur væri ekki í miklum mæli. Ákærði sagði tengdason sinn hafa flutt vörurnar til Þorbjargar, þær verið greiddar við afhendingu, verðið verið hið sama og hjá heildsölum, en ekkert verið um viðskiptin skráð. Ekki sagði ákærði, að um mikið vörumagn hefði verið að ræða.

Vitnið Þorbjörg Sigurðardóttir, Nönnugötu 8, Reykjavík, sagðist ásamt systur sinni leggja stund á heimabakstur og byggju þær systur í sama húsi og ákærði. Á árunum 1961—1964 fengu þær sykur og hveiti hjá ákærða til bakstursins. Sagði vitnið, að um býsna mikið magn hefði verið að ræða, en gat ekki tiltekið

það nánar. Vitnið kvað Þorgeir Jóhannsson ætíð hafa flutt vör-una heim til þeirra systranna, og var hún greidd við móttöku. Nánar aðspurt kvaðst vitnið hafa fengið 2—3 sekki hverju sinni. Vitnið sagði, að þá er þær systur bökuðu sem mest, en það hefði verið á árunum 1961—1964, hefði komið fyrir, að þær eyddu einum sekk af hveiti og öðrum af sykri á einni viku. Vitnið sagði, að það hefði einu sinni fengið 8 poka í einu, en stundum aðeins 1 poka.

Ákærði sagði, að Sverrir Jónsson, sem kvæntur væri systur-dóttur hans og ætti tvö börn, hefði fengið hjá sér bæði sykur og hveiti árin 1961—1964 á heildsöluverði, en ekki gat ákærði sagt hversu mikið. Sverrir sótti vörurnar sjálfur, greiddi gegn stað-greiðslu, en ekkert var um viðskiptin skráð.

Vitnið Sverrir Jónsson afgreiðslustjóri, Fellsmúla 13 hér í borg, kvað konu sína vera systurdóttur ákærða. Á árunum 1961—1964 var fernt í heimili þeirra hjóna, en á þeim tíma keyptu þau af ákærða sykur og hveiti eftir þörfum. Vitnið gat ekki greint nákvæmlega frá magni, það hefði náð í vöruna til ákærða, greitt hana við móttöku á heildsöluverði.

Ákærði kvað Braga Lárusson, sem væri sonur konu sinnar, kvæntur og ætti tvö börn, hafa fengið bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964, en um lítið magn hefði verið að ræða. Bragi sótti vöruna til ákærða, greiddi hana við móttöku á heildsölu-verði, en ekkert var um viðskiptin bókað.

Vitnið Bragi Lárusson skrifstofumaður, Stigahlíð 28, Reykja-vík, kvaðst vera sonur konu ákærða, en hvorki kjör- né fóstur-sonur hans. Vitnið fékk á árunum 1961—1964 hveiti og sykur hjá ákærða. Hugði vitnið, að þetta hefði verið tvisvar sinnum og samtals hefði það fengið 200 kg. af varningnum. Vitnið kvaðst þó ekki alveg öruggt um fyrrgreint magn, en taldi, að ekki gæti miklu munað.

Ákærði kvaðst hafa selt Magnúsi Matthíassyni bæði hveiti og sykur á árunum 1961—1964. Ákærði sagði, að Magnús væri mágur vitnisins Braga Lárussonar, kvæntur og ætti tvö börn. Magnús sótti vöruna til ákærða og greiddi við móttöku á heildsöluverði. Ekkert var um viðskiptin skráð, og ekki gat ákærði sagt um magn.

Vitnið Magnús Matthíasson, starfsmaður í lakkrísgerð ákærða, Hraunbæ 142 hér í borg, kvaðst hafa unnið hjá ákærða um hálf-árs skeið, þeir ákærði hefðu þekkt lengi, enda tengdir. Vitnið sagði, að á árunum 1961—1964 hefði þrennt verið í heimili þess.

Kvað vitnið ákærða á þeim árum hafa gefið því hveiti, en vitnið hjálpaði ákærða þá öðru hverju á kvöldin. Ekki sagðist vitnið hafa fengið sykur hjá ákærða, en hins vegar lakkrís við og við. Vitnið gat ekki sagt til um magnið á hveitinu, en það hefði fengið það, sem það þurfti til heimilisins.

Ákærði lýsti yfir því fyrir dómi, að á tímabili því, sem hér er um að ræða, hefði hann ekki selt fleirum en að ofan greinir hveiti eða sykur.

Vitnið Aðalheiður Dís Þórðardóttir húsmóðir, Flókagötu 58 hér í borg, kvaðst hafa starfað í lakkrísgerð ákærða öðru hverju á árunum 1961—1964 og þá búið í sama húsi og ákærði að Nönnugötu 8. Vitnið kvaðst á þessum tíma hafa orðið vart við, að ákærði hefði afhent kunningjum sínum poka og poka af sykri og hveiti, en ekki gat vitnið sagt nánar um magn né um greiðslu í því sambandi, og sjálf sagðist vitnið aldrei hafa afhent nokkrum aðilja hráefni frá lakkrísgerðinni.

Fulltrúi saksóknara og skipaður verjandi ákærða lýstu yfir því í dómnum, að þeir óskuðu ekki eftir, að frekari vitnaleiðslur færu fram né að vitni yrðu samprófuð við ákærða, en svo sem af framburðum sést hér að framan, ber þeim allmjög á milli í ýmsum greinum.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf, dags. 3. nóvember 1967, frá Klemenzy Tryggvasyni hagstofustjóra, svohljóðandi: „Til svars bréfi yðar, dags. 2. þ. m., skal það upplýst, að sykurneyzla launþegafjölskyldu í Reykjavík samkvæmt neyzlurannsókn 1964—1965 er talin vera sem hér segir, á ársgrundvelli:

Strásykur . . . . .	70.91 kg.
Molasykur . . . . .	12.35 —
Flórsykur . . . . .	5.20 —
Púðursykur . . . . .	6.64 —

Í fjölskyldu þeirri, er hér um ræðir, eru hjón og 2 börn undir 16 ára aldri“.

Leitað var álits Verzlunarráðs Íslands á því, hvort um skort á sykri og/eða hveiti hefði verið að ræða hjá heildsölum á árunum 1961—1964, og hefði svo verið, í hve ríkum mæli. Í svari ráðsins, sem dagsett er 24. nóvember 1967, segir m. a.: „... Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Verzlunarráðið hefur aflað sér, var ekki um að ræða skort á hveiti og sykri á umræddu tímabili ...“. Verzlunarráð sendi dómnum samhljóða álit Sambands

Íslenzkra samvinnufélaga og Innflytjendasambandsins, þar sem ekki var talið, að um skort hefði verið að tefla, en í álitserð hins síðarnefnda segir þó, að hugsanlegt væri, að einhverjar tegundir af nefndum vörum hefðu verið útseldar fáa daga milli skipaferða, en jafnvel þótt svo hefði verið, sem þá ræki ekki minni til, yrði slíkt að teljast alger undantekning.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að á árunum 1961—1964 hafi hann í mánaðarlegum skýrslum til skattayfirvalda vantalið lakkrísvarning þann, sem hann framleiddi. Með því þannig að segja rangt til um vörugerð sína hefur hann brotið gegn ákvæðum 2. gr., 7. tl. 1. kafla laga nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1947 og 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 9. gr. reglugerðar nr. 41/1968, enda er játning ákærða í samræmi við önnur gögn málsins og réttilega lýst í ákæru. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1939. Þar sem um framhaldsbrot er að ræða, samkynja og samfellda brotaröð, verður ekki talið, að atferli ákærða sé að hluta fyrnt, svo sem verjandi hans hefur haldið fram, en dómsrannsókn hófst í málinu hinn 14. maí 1965.

Í 7. gr. laga nr. 60/1939 segir meðal annars svo: „... , og auk þess (þ. e. sektar) ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum“.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði á árunum 1961—1964 goldið lögboðin tollgjöld af 18.900 kg. með krónum 785.862.00, en samkvæmt álitserð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar hefði gjaldskyld framleiðsla hans á lakkrís, miðað við keypt hráefni, átt að nema á nefndu tímabili 169.328 kg. meira magni og honum því borið að greiða kr. 7.042.903.56 auk fjárhæðar þeirrar, kr. 785.862.00, sem hann í raun galt, en ákærði hefur ekki borið brigður á gögn þau, sem geyma upplýsingar um hráefnakaup og lögð hafa verið til grundvallar í máli þessu. Ljóst er, að hér er um að ræða hámark undandregins gjalds eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. Við ákvörðun tollvörugjalds verður tekið tillit til nokkurrar óvissu, sem ætíð hlýtur að vera við mat á því, hversu mikið magn fullunninnar vöru fæst úr ákveðnu magni hráefnis. Einnig verður byggt á eðlilegri rýrnun samkvæmt álitserð áður nefndra efnaverkfræðinga, enda þótt ákærði hafi sjálfur borið fyrir dómi, að

engin rýrnun hefði orðið í framleiðslunni. Þá þykir og rétt að taka nokkurt tillit til framburða ákærða og vitna varðandi hráefna-sölu, þrátt fyrir að framburðir þessir séu mjög óljósir og sjálfum sér ósamkvæmir, en ákærði neitaði að láta í té efnasamsetningu fullunninnar vöru sinnar og kom þannig í veg fyrir, að unnt væri að komast nánar að raun um sölu hans á vissum hráefna-tegundum. Loks þykir við ákvörðun gjaldsins rétt að hafa hlið-sjón af þeim gögnum, sem lúta að sölu ákærða á fullunninni vöru nefnt tímabil, enda þótt þau gögn séu, svo sem að framan er rakið, hvergi nærri tæmandi.

Hið undandregna tollvörugjald verður samkvæmt framan-sögðu og eftir málavöxtum talið hæfilega ákvarðað krónur 4.930.032.49, og ber að dæma ákærða til að greiða þrefalda þá fjár-hæð, eða krónur 14.790.097.47, til ríkissjóðs Íslands. Eins og orðan 7. gr. laga nr. 60/1939 er háttað, verður gjald þetta ekki talið sekt í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður vararefsing samkvæmt V. kafla þeirra laga því eigi ákvörðuð, og af sömu sökum kemur krafa skipaðs verjanda ákærða um beitingu 81. gr. laganna ekki frekar til úrlausnar.

## II.

Með lögum nr. 25 frá 16. apríl 1962 um aðstoð til fatlaðra, sem öðluðust þegar gildi, var lakkrísframleiðendum gert að greiða í Styrktarsjóð fatlaðra kr. 3.00 af hverju kílógrammi af full-unnum lakkrís. Hóf ákærði greiðslur þessar frá og með maí-mánuði 1962 og greiddi þær til ársloka 1964 af sama magni og hann gaf upp til tollvörugjalds. Samkvæmt upplýsingum Sigur-geirs Jónssonar, bæjarfógeta í Kópavogi, hefur ákærði þannig goldið fyrir 13.069 kg. með krónum 39.207.00 á nefndu tímabili. Félagsmálaráðuneytið, sem hefur með höndum vörzlur Styrktar-sjóðs fatlaðra, hefur krafizt þess, að ákærða verði gert að greiða vangoldið gjald til sjóðsins, allt að krónum 396.000.00 (sic), og er þá byggt á matsgerð efnaverkfræðinganna Aðalsteins Jónssonar og Jóhanns Jakobssonar um vantalið framleiðslumagn, 132.020 kg. frá 1. maí 1962—31. desember 1964. Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að þessum lið ákæru bæri að vísa frá, þar sem lög nr. 25/1962 væru „lex imperfecta“, refsheimild skorti í lögin, og væri sakadómur af þeim sökum ekki fær um að dæma um gjaldskylduna. Fallizt verður á þá skoðun skipaðs verjanda, að lög nr. 25/1962 séu algerlega sjálfstæð og óháð lögum nr. 60/1939 sem og að ákærði hafi ekki gerzt sekur um

refsiverða háttsemi með vangreiðslu á gjaldi til Styrktarsjóðs fatlaðra. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af ákæru saksóknara að þessu leyti. Hins vegar er fram komið, að Styrktarsjóður fatlaðra hefur beðið tjón vegna annarrar refsiverðrar háttsemi ákærða í máli þessu, þ. e. sökum þess, að ákærði hefur í blóra við lög nr. 60/1939 sagt rangt til um vörugerð sína. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961 gat því félagsmálaráðuneytið sem fyrirsvarsaðili sjóðsins komið að bótakröfu sinni í málinu. Krafan var borin undir ákærða, sem fól verjanda sínum að taka afstöðu til hennar, en svo sem fyrr greinir, hefur hann mótmælt henni. Rétt þykir að taka bótakröfu þessa til greina að nokkru, og verður í þeim efnum byggt á sömu viðmiðunarreglum og þá er vangreitt tollvörugjald var ákvarðað í I hér að framan, þ. e. kröfupphæð að frádregnum 30 af hundraði. Verður ákærði samkvæmt því dæmdur til að greiða Styrktarsjóði fatlaðra bætur samtals að fjárhæð kr. 277.200.00.

### III.

Ákærði var bókhaldsskyldur samkvæmt 5. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 62/1938. Ákærði játaði fyrir dómi, að bókhald hans væri eigi í lögskipuðu formi. Við húsleit komu ekki fram önnur gögn, sem ákærði hafði fært, en „stílabækur“ með hluta af innfærðri sölu og „laus blöð“, sem sala var einnig færð á. Ákærði hefur þannig vanrækt að halda bækur þær og reikninga, sem boðið er í lögum nr. 62/1938 um bókhald, og því ekki fært þá tvíhliða skráningu á viðskiptum sínum, sem boðið er í 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú reglugerð nr. 41/1968, 8. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939, bar ákærða að færa dagbækur um framleiðslu, sölu og afhendingu vöru sinnar. Á dómþingi hinn 14. maí 1965 kvaðst ákærði hafa fært slíkar bækur yfir daglega framleiðslu fyrirtækisins að magni til. Við húsleit fundust þær bækur ekki, og þá er hann var inntur nánar eftir þeim síðar á dómþinginu, kvað hann dóminn hafa fengið í hendur öll þau gögn, sem hann hefði haft varðandi framleiðsluna, og gat ekki bent á nein frekari bókhaldsgögn. Verður því að telja, að ákærði hafi einnig vanrækt bókhald þetta. Samkvæmt framansögðu hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 11. gr. reglugerðar nr. 41/1968, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1939, og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða samkvæmt lagaákvæðum þessum sem og fyrir

brot gegn 7. gr. laga nr. 60/1939, sem fjallað er um í I hér að framan, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

#### IV.

Lögð hafa verið fram í málinu leyfisbréf til ákærða frá tollstjóranum í Reykjavík, þar sem honum er heimilað að reka vörugerð á innlendum tollvörutegundum, sem og iðjuleyfi, útgefið til ákærða af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 8. gr. reglugerðar nr. 9/1935, sbr. nú 10. gr. reglugerðar nr. 41/1968, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1939 og 19. gr. laga nr. 62/1938 þykir verða að svipta ákærða leyfisbréfum þessum ævilangt, svo sem krafizt er í ákæruskjali.

Í dómi Hæstaréttar Íslands hinn 29. maí 1968, þar sem dómur sá, er upp var kveðinn í málinu í sakadómi Reykjavíkur 5. marz 1968, var ómerktur, segir, að kostnað „af áfrýjun“ málsins skuli greiða úr ríkissjóði. Þykir því nú rétt að ákvarða saksóknar- og málsvarnarlaun fyrir sakadómi í heild vegna máls þessa, þannig að ákærði verður dæmdur til að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals að fjárhæð kr. 50.000.00, sem og kr. 50.000.00 af launum skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, en kr. 10.000.00 af launum hans greiðast úr ríkissjóði. Dæma ber ákærða til að greiða allan annan kostnað sakarinnar.

Að ósk saksóknara ríkisins fór fram skrifleg sókn og vörn í máli þessu samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. laga nr. 82/1961, áður en það var tekið til dóms hinn 16. febrúar s.l. Lögmenn kröfðust ekki frekari rannsóknar, eftir að málinu var heimvísað, en munnleg sókn og vörn fór fram í því fyrir dómtöku þess hinn 20. f. m.

Dóm þenna kveða upp Ármann Kristinsson sakadómar og meðdómendurnir Hallgrímur Björnsson efnaverkfræðingur, forstjóri sælgætisgerðanna Nóa h/f og Síríus h/f, og Sveinn Björnsson iðnaðarverkfræðingur, forstjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

#### Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Þorsteinsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði ríkissjóði kr. 14.790.097.47.

Ákærði greiði Styrktarsjóði fatlaðra kr. 277.200.00.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfisbréfum iðju og tollvöru-gerðar.

Málsvarnarlaun Guðmundar Ingva Sigurðsson hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, ákveðast kr. 60.000.00, og greiði ákærði af þeirri fjárhæð kr. 50.000.00, en ríkissjóður kr. 10.000.00. Ákærði greiði allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. janúar 1969.

Nr. 34/1968. **Örn Eyjólfsson og Snorri Ásmundsson**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

**Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. Volkswagen-  
werk Aktiengesellschaft og gagnsök**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Firmanafn. Dagektir.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1968, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. marz 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárhæð málskostnaðar í héraði úr hendi aðaláfrýjanda verði hækkuð, að héraðsdómur verði að öðru leyti staðfestur og svo að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.